



Stjórnarráð Íslands.
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

31.maí 2021
Málsnr. 2101005

Efni: Umsögn um hvítbók um byggðamál – drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára.

Vísað er til fyrirliggjandi hvítbókar um byggðamál sem og umsagnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um grænbók sama efnis sem meðfylgjandi er umsögn þessari í viðauka 1.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fagna því ágæta samráði sem haft var við SSH um efni hvítbókar og þeirrar vinnu sem fram hefur farið. Sér í lagi er ánægjulegt að í aðgerðaáætlun til fimm ára, (aðgerð C4) er kveðið á um það markmið **að skilgreina og efla hlutverk höfuðborgarsvæðisins** og stuðla þannig að alþjóðlegri **samkeppnishæfni** þess og þar með landsins alls. Engu að síður eru það ákveðin vonbrigði að vinnu við þessa stefnu hefur enn ekki verið ýtt úr vör að neinu marki þó sú ákvörðun hafi legið fyrir í núverandi og samþykktri aðgerðaáætlun byggðaáætlunar.

Æskilegt hefði verið eins og bent var á í aðdraganda vinnunnar að höfuðborgarsvæðið hefði stærra hlutverk í aðgerðaáætluninni með aðkomu ríkisins í ákveðnum en þó veigamiklum þáttum. Má í þessu dæmi nefna þætti eins og loftslags- og úrgangsmál og almenningsamgöngur en um 64% landsmanna búa á höfuðborgarsvæðinu. Af því má ráða að fyrrnefndir þættir hafi mikið vægi m.a. út frá samkeppnishæfni landsins alls og ættu því að eiga sérstakan sess sem stuðningur við aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu í aðgerðaáætlun byggðaáætlunar. Í hvítbókinni er einmitt fjallað um alþjóðlega samkeppnisstöðu og sjálfbærar byggðir. Þar er bent á það lykilviðfangsefni að bregðast við **harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki** og stuðla að samspili þéttbýlis og dreifbýlis til uppbyggingar sjálfbærra byggðarlaga. Nýta þurfi styrkleika þéttbýlismyndunar og styðja við sérstöðu einstakra svæða í þágu þeirra og **landsins alls** (bls. 8).

Í aðgerðaáætlun hvítbókar (verkefni B7 og B.8) er fjallað um störf án staðsetningar og fjarvinnslustöðvar. Ekki eru gerðar athugasemdir við þá stefnu ríkisins að bjóða uppá störf án staðsetningar eða styrki til fjarvinnslustöðva utan Hvítá-Hvítá svæðisins, enda sé faglegt og hlutlægt mat sem liggja þar að baki eins og kemur m.a fram í verkefni B6. Aftur á móti er gerð sú athugasemd við að mörkuð séu sérstök markmið í byggðaáætlun um að störf séu flutt af höfuðborgarsvæðinu. Í þessu samhengi er m.a. bent á markmið verkefnis B.7, störf án staðsetningar bls 29 í hvítbókinni. Þar kemur fram að árangur af aðgerðinni verði sérstaklega mæltur í hlutfalli auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra á **höfuðborgarsvæðinu**. Ekki verður fallist á að það sé sérstakt markmið í stefnumótun ríkisins að færa störf á vettvangi ríkisins á höfuðborgarsvæðinu annað án þess að fyrir því liggja faglegt og hlutlægt mat.



Í niðurlagi umsagnar SSH um grænbók um byggðamál var bent á mikilvægi þess að forðast í tilfelli byggðaaætlunarinnar að landið sé brotið upp í tvær fylkingar, höfuðborgarsvæði og landsbyggð, enda sé heildin þannig veikari fyrir vikið. Í þessu samhengi er mikilvægt að það komi skýrt fram að SSH hefur ekki þá skoðun að draga eigi úr mikilvægum byggðaaðgerðum á landsbyggðinni, þvert á móti. Eingöngu er ítrekað mikilvægi þess að Alþingi horfi á byggðamál sem sameiginlegt verkefni allra svæða á landinu.

Má í þessu sambandi nefna dæmi um eflingu nýsköpunar í byggðum landsins, aðgerð B.3 í hvítbók byggðaaætlunar. Þar er eingöngu fjallað um nýsköpun og frumkvöðlastarf á landsbyggðinni. Að mati SSH væri hyggilegt að skoða einnig leiðir til þess að efla samstarf um nýsköpun um allt land, líka á höfuðborgarsvæðinu. Skoða þá í því samhengi hvernig frumkvöðlastarf og háskólasamfélag á höfuðborgarsvæðinu getur stutt við nýsköpun og frumkvöðlastarf á landsbyggðinni og öfugt. Unnið sé þannig saman að markmiði um sterka nýsköpun og frumkvöðlastarf fyrir allt Ísland.

Með hliðsjón af ofangreindu er það mat SSH að enn þurfi að gera ákveðnar áherslubreytingar á þeirri hvítbók sem fyrir liggur. Er þeirri ósk komið hér með á framfæri að frekara samtal fari fram um byggðaaætlunina á sameiginlegum vettvangi ríkisins og SSH. Eru samtökin mjög svo tilbúin til þess að vinna þétt með stjórnvöldum að því verkefni.

Virðingarfyllt,

f.h Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH



Viðauki - UMSÖGN FRÁ 25.JANÚAR 2021 VEGNA GRÆNBÓKAR.

Stjórnarráð Íslands.
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

25.janúar 2021.

Efni: Umsögn um Grænbók um byggðamál – umræðuskjal fyrir opið samráð.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fagna útgáfu Grænbókarinnar og telja margt jákvætt við þá greiningu sem nú liggur fyrir. Að einhverju leyti var tekið tillit til sjónarmiða höfuðborgarsvæðisins við þá vinnu og greiningu sem nú liggur fyrir, sbr. töflu 5 um styrkleika og veikleika gildandi byggðaáætlunar, en þar segir að „höfuðborgarsvæðið og hlutverk þess mætti koma sterkar inn í áætlunina“. Þá eru gefin dæmi m.a. frá OECD um mikilvægi „búsetugæða hvort sem er í borgum, bæjum eða dreifbýli og að svæðin hvert um sig nái að nýta tækifæri sín og stuðli þannig að sem öflugustum samfélögum“. Þá eru tekin dæmi m.a. frá Finnlandi og Skotlandi en þar eru markmiðin að styrkja samspil borga við aðliggjandi dreifbýlissvæði ásamt rekstri á sérstakri borgarstefnu. Út frá þessum greiningum eru það ákveðin vonbrigði að ekki sé kveðið sérstaklega og fastar að orði og fjallað um hvernig bæta skuli úr þessum annmakra í kafla 7 um áherslur og leiðir í nýrri byggðaáætlun.

Framtíð byggðamála er mikilvæg á Íslandi. Efla þarf samkeppnishæfni landsins og þrátt fyrir mikil gæði lands og þjóðar er og verður samkeppni um fólk og fyrirtæki. Tryggja þarf öfluga landsbyggð og öflugt höfuðborgarsvæði og horfa þarf á landið sem heild þegar kemur að byggðaáætlun.

Núverandi byggðaáætlun hefur að mörgu leyti færst í rétta átt. Sett eru upp verkefni sem hafa heiti, markmið, stöðu og fjármögnun og að lokum ábyrgðaraðila. Sérstakt ánægjuefni var að sjá verkefni um **höfuðborgarstefnu** sem er enn í undirbúningi en ekki komið á neitt skrið á þessum tímamarki. Þegar stefnan verður unnin verður mótað hlutverk höfuðborgarsvæðisins og réttindi og skyldur svæðisins sem stuðli að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Önnur verkefni má nefna sem snerta öll landsvæðin.

Að mati SSH á byggðaáætlun framtíðarinnar að horfa til þess að styrkja veik svæði um allt land og áfram þarf að vinna að sértækum áætlunum í málefnum þeirra. Sameiginlegir sjóðir verða að vernda þær byggðir sem mest berjast í bökkum við að halda byggð. Um þetta eru sennilega langflestir sammála

Það breytir því þó ekki að horfa þarf til landsins alls þegar rætt er um byggðaáætlun. Höfuðborgarsvæðið á að vera mikilvægur hluti af byggðaáætlun, vegna þess að byggðaáætlun á að snúast um þróun byggða og samfélag á öllu landinu. Í raun er ekkert höfuðborgarsvæði án landsbyggðanna og heldur engar



landsbyggðir án öflugs höfuðborgarsvæðis með skilgreint hlutverk. Þess vegna eiga stjórnvöld að horfa á landið í heild – hvernig við getum eflt það og styrkt ekki síst út frá samkeppnishæfni þess.

Í fyrrgreindu samhengi á höfuðborgarsvæðið ekki að vera eftirbátur er varðar athygli og fjármagn frá ríkinu þegar kemur að byggðaáætlun. Á undanförunum árum hefur höfuðborgarsvæðið ekki notið hárra framlaga frá ríkinu til sóknaráætlunar landshlutans samanborið við önnur landsvæði. Á árinu 2021 er áætlað að höfuðborgarsvæðið fái um 4,7% af því fé sem veitt er til sóknaráætlana.

Þess utan fékk höfuðborgarsvæðið ekkert aukafjármagn til áhersluverkefna sóknaráætlana vegna Covid-19 – eitt allra landshluta á árinu 2020 en þá var 200 millj. kr veitt sérstaklega frá ríkinu til sóknaráætlana landshluta. Eftir ábendinga og athugasemdir rættist úr á árinu 2021 en áætlað er að ríkið veiti um 100 millj. kr til sóknaráætlana, þar af 12.5 millj. kr til höfuðborgarsvæðisins. Þá má benda á, að þegar greiningar voru gerðar á stöðu sveitarfélaganna og landssvæðanna vegna áhrifa Covid-19 var höfuðborgarsvæðið framan af undanskilið í þeim greiningum. Skýrslan fyrir höfuðborgarsvæðið var unnin síðar en sérstök fundarhöld þurfti til þess að fá skýrslu um stöðuna á höfuðborgarsvæðinu vegna Covid-19. Framangreint þykir vægast sagt undarlegt í ljósi þess að á höfuðborgarsvæðinu mælist atvinnuleysi töluvert og önnur áhrif af völdum veirunnar eru mikil.

Þess ber að geta að þeir fjármunir sem SSH hefur fengið úthlutað til sóknaráætlunar og sóknaráætlunarverkefna hafa nýst vel. Nefna ber þar verkefni eins og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem er nú m.a. grundvöllur þess að Samgöngusáttmálinn varð að veruleika, eflingu almenningssamgangna með tilkomu Borgarlínu o.fl.

Önnur mikilvæg verkefni má nefna sem nú eru í vinnslu eða unnið hefur verið að s.s. undirbúning samgönguverkefna, velferðartækni, kynningu á umhverfi fjárfestinga á höfuðborgarsvæðinu o.fl. Þá er verið að móta loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið, skoða fýsileika sameiginlegrar úrgangsflokkunar og fleira mætti nefna.

En hvað er hægt að gera til þess efla byggðaáætlunina og þátt höfuðborgarsvæðisins í henni? Hægt væri að vinna sameiginlega stefnumótun um byggðaáætlun fyrir allt landið og horfa á það sem heild, höfuðborgarsvæðið þar með talið. Samhliða að ljúka við höfuðborgarstefnuna og skilgreina hlutverk höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að byggðaáætlun.

Þá er í því samhengi hægt að setja upp sviðsmyndir fyrir landið sem heild og leiða þær út í stefnu sem yrði ný byggðaáætlun fyrir Ísland. Hægt yrði að nýta afl höfuðborgarsvæðisins til þess að vera í fararbroddi til þess að styðja við önnur verkefni sem ná inn á landsbyggðina. Í því ættu að felast mikil tækifæri fyrir landið í heild.

Mikilvægt er að byggðaáætlunin sé unnin með ofangreint að leiðarljósi og forðast að í tilfelli byggðaáætlunarinnar sé landið brotið upp þannig að heildin kunni að verða veikari fyrir vikið.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Virðingarfyllst,

f.h Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH